



vald í málefnum Háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu Háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan Háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi Háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.

Háskólaritari hefur eftirlit með daglegri starfsemi Háskólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða Háskólann.

Rektor eða háskólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum er snerta Háskólann eða háskólastofnanir verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

## 2. gr.

3. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi stúdenta, svo og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

## 3. gr.

4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af stúdentaráði, og einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

## 4. gr.

5. gr. 2. málsg. orðist svo:

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

## 5. gr.

7. gr. 1. málsg. orðist svo:

Forseti Íslands skipar háskólaritara, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs, en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og háskólaritara. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

7. gr.

9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild og viðskiptadeild. Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.

Við Háskólann starfa rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

8. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Aðjúntar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun eða mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann, halda starfsheitum sínum.

9. gr.

11. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentu og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnktu og erlenda sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Dómnefnd er heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskóla-  
stofnanir.

#### 10. gr.

14. gr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundum og hafi þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundum, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund, og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildar-ráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðis-  
rétt á hann þó aðeins í sinni deild.

#### 11. gr.

15. gr. 2. málgr. orðist svo:

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðis-  
bærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er  
gegnir forsetastörfum.

#### 12. gr.

Við 17. gr. laganna bætist þessi málslíður:

Heimilt er samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að halda próf utan kennsluársins,  
þegar sérstaklega stendur á.

#### 13. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef  
því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráð-  
stafa skuli kennslunni.

#### 14. gr.

19. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kenn-  
ari sá, sem vikur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Staðgengill tekur  
sæti þess, sem vikur, á deildarfundum og hefur þar atkvæðisrétt, enda sé hann settur  
til að gegna embætti eða starfi fastráðsins kennara.

#### 15. gr.

21. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis  
prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt  
stúdentspróf.

#### 16. gr.

Á eftir 21. gr. 3. málgr., komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stú-  
denta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skræð sig til náms.

17. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti Háskólans af háskólastúdent hættu, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við Háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki stundað nám við Háskólann í tvö kennslumisseri samfleytt eftir því sem þær kröfur um námsástundun eru greindar í reglugerð fyrir skólann í heild eða einstakar námsgreindir. Nú hefur stúdent gert háskólaeild sinni viðhlítandi grein fyrir fjarvistum, og skal þá ekki má nafn hans af stúdentaskrá, þótt hann sæki ekki Háskólann allt að fjögur misseri, enda skrái hann sig í árlegri skráningu.

18. gr.

Við 27. gr. bætast svofelld ákvæði, er verði 2., 3. og 4. málsgreinar:

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stentz stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftari undir það. Háskólaeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf til að endurtaka prófið.

19. gr.

29. gr. 1. málsgr. síðasti málsliður orðist svo:

Við meistarapróf dæma þó kennarar hlutaðeigandi deildar einir.

20. gr.

29. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Þegar svo stendur á, sem í næstu málsgrein segir, getur viðkomandi deild mælt svo fyrir, að prófdómandi utan Háskólans dæmi próf í stað innan skóla prófdóm- anda, og við próf í forspjallsvísindum skal vera einn prófdómandi utan Háskólans.

21. gr.

30. gr. orðist svo:

Forseti háskólaeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viður- kenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

22. gr.

Við 31. gr. i. f. bætist svo hljóðandi málsliður:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktors- nafnbóta.

23. gr.

37. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) Í guðfræðideild 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6. gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun mennta- málaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskólaeildar.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi 1. gr. laga nr. 27 29. apríl 1967, um breytingu á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Fulltrúi, er Félag háskólakennara nefnir til setu í háskólaráði, tekur sæti þar 1. maí 1969 og sama er um annan fulltrúa, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefnir. Frá sama tíma tekur annar fulltrúi stúdenta á deildarfundi sæti þar.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 60 7. júní 1957 um Háskóla Íslands með áorðnum breytingum og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Við rektorskjör í maí 1969 skal veita félagi tannlækanema kost á að nefna einn fulltrúa, er atkvæðisrétt á um kosningu rektors. Fulltrúar deildarféлага, sem sæti eiga á fundum háskóladeilda við gildistöku laga þessara, einn frá hverri deild, skulu eiga kost á að taka þátt í rektorskjöri í maí 1969. Ef um fleiri fulltrúa en einn er að ræða, ákveður stjórn deildarfélags, hvaða fulltrúi skuli hafa atkvæðisrétt við rektorskjör í maí 1969.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið af Háskóla Íslands, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því í menntamálaráðuneytinu í samráði við háskólarektor og háskólaritara.

Röskur áratugur er nú liðinn síðan háskólalög nr. 60 7. júní 1957 voru sett. Margvíslegar og miklar breytingar hafa orðið á Háskóla Íslands á þeim tíma. Nemendatalan hefur framt að því tvöfaldazt, fjöldi prófessora hefur vaxið mjög og nálega tvöfaldazt, og tala annarra kennara hefur meira en tvöfaldazt, þ. á m. hefur bætt við hópur fastráðinna kennara, lektorar. Námstilhögun allra deilda hefur sætt endurskoðun og í flestum tilvikum hefur nýskipan þegar tekið gildi. Sérstaklega er ástæða til að minna á gagngera endurskoðun á kennslu til B.A.-prófa. Kennsla er hafin í náttúrufræði og tillögur hafa verið settar fram um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf og ýmsar fleiri nýjar menntunarleiðir innan Háskólans eru í athugun. Markverðast við þróun þessa áratugs er tvímælalaust tilkoma rannsóknarstofnananna tveggja, Handritastofnunar Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans, og svo sú áætlunargerð, sem hófst með kennaraáætluninni frá 1964 og haldið hefur verið áfram með skipun háskólanefndar. Þeirri nefnd er ætlað það hlutverk að semja áætlanir um eflingu Háskólans næstu tvo áratugi á sviði kennslu og rannsókna og setja fram sjónarmið um mörkun stefnu varðandi starfssvið Háskólans.

Háskólaráð telur, að tímabært sé að endurskoða háskólalögin á grundvelli þessara breytinga og vegna þess að í vændum er mikil fjölgun stúdenta og stór- aukið verksvið Háskólans. Þarf fyrst og fremst að efla Háskólann á sviði rannsókna með nýjum rannsóknarstofnunum og tengja meira en nú er kostur kennslu og rannsókna. Háskólinn hefur þurft og þarf enn á auknu húsnæði að halda. Tilkoma Árnagarðs næsta haust bætir að vísu úr bráðri þörf á vissum sviðum, en ekki á öðrum. Byggingar í þágu læknadeildar vantar bráðnauðsynlega, og þ. á m. byggingar fyrir tannlæknakennslu. Verkfræðideild þarf á að halda auknu húsnæði til verklegrar kennslu, en aðsókn að þeirri deild hefur aukizt til mikilla muna og mun fara mjög vaxandi á næstu árum. Ráðgert er, að náttúrufræðikennslan fái í sínar þarfir atvinnudeildarbyggingu innan skamms tíma, enda er það nauðsynlegt til að hægt sé að halda áfram þeirri kennslu, sem nú er hafin. Kennslurými þarf og að auka fyrir lagadeild og viðskiptadeild. Þá er vitaskuld á margt annað að líta en kennslurými og þá fyrst og fremst á húsnæði fyrir rannsóknarstofnanir. Æskilegt er og að bæta þjónustu við starfsmenn Háskólans, svo sem

vélritunar- og fjölritunarþjónustu og ýmiskonar aðstoð, sem þeir þurfa á að halda í rannsóknum sínum. Þá ber og að stefna að því að fjölga lestrarsölum fyrir stúdenta og bæta félagsaðstöðu þeirra.

Augljóst er, að framundan eru mikil og brýn verkefni í byggingamálum Háskólans. Mikil aukning er fyrirsjáanleg á brautskráðum stúdentum, og verður að búa Háskólanum aðstöðu til þess að veita viðstöku þessum stóru aukna stúdentafjölda, þ. á m. með því að efna til nýrra menntunarleiða innan Háskólans. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að Háskólinn er annars konar stofnun en aðrir skólar landsins. Háskólinn er rannsóknarstöð, og háskólakennsla, sem styðst ekki við rannsóknir, fullnægir ekki því hlutverki, sem háskóla er ætlað að sinna. Einmitt þessvegna var háskólanefndin skipuð, og er ráðgert, að hún ljúki störfum á þessu ári. Tillögur hennar munu verða kynntar Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Frumvarp það, sem hér er flutt, hefur verið í athugun í háskólaráði um nokkurn tíma. Með því er lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar á stjórnun Háskólans, þ. á m. að háskólaritari verði í raun rétttri gerður að framkvæmdastjóra Háskólans, en vinni þó undir yfirstjórn rektors, og öll aðstaða til stjórnunar verði stórum bætt. Þá er mælt fyrir um aukna þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, bæði á fundum háskólaráðs og háskóladeilda og það nýmæli tekið upp, sem óvíða tíðkast, að ætla háskólastúdentum aðild að rektorskjöri. Enn er það nýmæli, að kjósa skal einn mann í háskólaráð úr hópi þeirra kennara eða starfsmanna rannsóknarstofnana og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta og er hann tilnefndur af Félagi háskólakennara. Kveðið er á um stofnun nýrrar deildar, tannlæknadeildar, og ákvæði eru sett um rannsóknarstofnanir, sem að jafnaði skulu heyra undir deildir. Er með þeirri tilhögun m. a. áréttað það sjónarmið, að saman skuli fara eftir því sem fært er kennsla og rannsóknir. Starfsheiti kennara hafa verið endurskoðuð og svigrúm er veitt til að ákvarða starfsmönnum rannsóknarstofnana eða annarra háskólastofnana sérstök starfsheiti. Er þá lagt til, að dósentar og lektorar verði þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi og ráðnir eru til fulls kennslustarfs. Lagt er til, að rektor megi leysa að öllu leyti frá kennslustarfi. Þá er kveðið á um árlega skrásetningu stúdenta, en það er nauðsynjamál, sem raunar komst á s. l. haust. Enn er lagt til, að nokkur ákvæði, sem vafa hafa valdið við lögskýringu, verði gerð fyllilega skýr, og varða þau hámarkstíma í námi og heimild til endurtekningar prófa. Að lokum má benda á, að sú tillaga er tekin upp í 23. gr. frv., að ekki þurfi lagasetningar í hvert skipti, sem prófessorsembætti er stofnað, heldur dugi þar ákvörðun menntamálaráðherra, að áskilinni fjárveitingaheimild samkv. almennum reglum. Á það skal bent í því sambandi, að embætti yfirlækna við ríkisspítala þarf ekki að stofna með lögum, og taka þeir þó laun samkv. 26. launaflokki.

Að öðru leyti er efni frumvarpsins reifað í athugasemdum um einstakar greinar þess.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### *Um 1. gr.*

Á síðustu árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á stjórnun háskóla víða um lönd. Skilningur manna hefur vaxið mjög á því, að nútíma háskólar þarfnast öflugrar stjórnunar við úrlausn daglegra málefna og við mörkun á framtíðarstefnu í ýmsum eignum og áætlunargerð um starfssvið háskóla, rannsóknarstofnanir og aðrar háskólastofnanir, eflingu þeirra greina, sem fyrir eru í háskóla og upptöku nýrra. Þjónusta við starfsmenn háskóla er mikilvægur þáttur í starfsemi háskóla svo og þjónusta við nemendur. Slikri þjónustu verður ekki komið við, nema vel sé búið að skrifstofum háskóla og stjórnsýslu allri. Hér á Norðurlöndum eru það einkum Norðmenn og Svíar, sem hafa tekið þessi mál til rækilegrar athugunar. Hefur niðurstaðan orðið sú, að nauðsynlegt sé að létta til muna á framkvæmdastörfum háskólarektora og hafa við hlið þeirra framkvæmda-

stjóra, sem sinni undir yfirstjórn rektora fyrst og fremst fjármálefnum háskóla og öðrum framkvæmdarmálefnum. Veitir sú tilhögun rektorum þá svigrúm til að fjalla einkum um málefni, sem varða mótun heildarstefnu, áætlunargerð og kennslu- og rannsóknarstörf háskóla. Björgvinjarháskóli varð fyrstur háskóla á Norðurlöndum til að koma á slíkri stöðu framkvæmdarstjóra, en síðan hefur Óslóarháskóli einnig tekið upp svipaða tilhögun, og sænsku háskólarnir hafa sömuleiðis gert það, þó með nokkrum öðrum hætti sé.

Við Háskóla Íslands er stjórnun allt of veik. Háskólaráð telur, að höfuðþörf sé á því að efla skrifstofu Háskólans og skapa stjórnsýslu þá aðstöðu til starfa, sem hana vanhagar svo mjög um nú.

Háskólaráð telur, að hið norska fyrirkomulag á stjórnun háskóla eigi vel við í megindráttum hér við Háskólann. Með ákvæði 1. greinar frv. er stefnt að því að rýmka starfssvið háskólaritara þannig að hann verði raunverulega framkvæmdastjóri Háskólans, að því er tekur til fjármálefna, byggingarmálefna og um daglegt eftirlit o. fl. Háskólaráð telur þó, að hann eigi að starfa undir yfirstjórn rektors og að því leyti á hans ábyrgð. Báðir hlíta þeir yfirstjórn háskólaráðs, svo sem verið hefur, en rétt þykir, að þessi stjórnsýslutilhögun komi skýrar fram en nú er. Er því háskólaráð talið fyrst í greininni, þegar lýst er helztu handhöfum stjórnsýsluvalds, en efnislega er engin breyting fólgin í ákvæðinu frá því sem nú er að því er varðar vald háskólaráðs og tengsl háskólans við stjórnvöld. Í greininni er að visu ekki vikið að háskóladeildum, nema um eitt atriði, en samkv. venju, lögum og reglugerðum verður mörgum málefnum ekki ráðið til lykta, nema deildir hafi um þau fjallað, og mörgum málum ráða deildir nokkurn veginn á eindæmi sitt, svo sem prófum, ákvörðun á námsefni og í stórum dráttum námstilhögun, ráðningu stundakennara, stundaskrá o. m. fl.

Ljóst er, að mörgum atriðum, sem varða starfssvið og starfshætti rektors og háskólaritara og tengsl þeirra við háskólaráð, verður að ráða til lykta með reglugerð. Hin langa reynsla af þessari tilhögun stjórnsýslu við norsku háskólana sýnir, að hyggilegast er að ákvarða starfsmörkin í stjórnvaldsreglum. Ákvæði 1. gr. frv. lýsa því fyrst og fremst stefnumörkunum í megindráttum.

Nokkuð hefur verið um það rætt, að háskólaritari fengi nýtt starfsheiti, t. d. háskólaforstjóri eða framkvæmdastjóri Háskólans, til að leggja áherzlu á breytt starfssvið hans, en frá því var þó horfið að þessu sinni.

#### Um 2. gr.

Hér eru fyrirmæli um kosningarrétt og kjörgengi við rektorskjör. Eru þar tvær meginbreytingar. Annars vegar eru ákvæði um það, að starfsmenn, sem hafa kennslu að aðalstarfi, aðrir en prófessorar, fá nú atkvæðisrétt. Er þar átt við lektora, sem laun taka samkv. 23. launaflokki, og eru þeir nú 6 talsins, svo og dósent í lyfjafræði lyfsala. Dósentar þeir og lektorar, sem skipaðir verða eftir gildistöku laga þessara, fá og atkvæðisrétt, ef 8. gr. frv. verður samþykkt. Hin breytingin lýtur að hátttöku stúdenta í rektorskjöri. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur lagt til, að stúdentar fái aðild að kosningu rektors, og Stúdentafélag Háskólans hefur stutt þær tillögur. Hafa þau tilmæli verið rædd rækilega á fundum háskólaráðs, fundum deilda og fundi háskólakennara. Telja stúdentar, að þeir eigi mikið undir því, hversu til tekst um stjórn Háskólans og sé því réttmætt, að þeir fái fulltrúa á hverju einstöku stjórnarstigi, er túlki sjónarmið stúdenta, svo og að þeir taki með nokkrum hætti þátt í kosningu rektors.

Eins og kunnugt er, fengu stúdentar með háskólalögunum frá 1957 rétt til að eiga einn fulltrúa á fundum háskólaráðs með atkvæðisrétti, og með sömu lögum fengu þeir rétt til að eiga fulltrúa, einn eða fleiri, á fundum háskóladeilda, með málfrelsi, og var þó fundarseta takmörkuð við þá málaflokka, „er varða stúdenta Háskólans almennt“, sbr. 4. gr. um háskólaráð, eða málefni, „sem varðar nemendur deildarinnar almennt“, sbr. 14. gr. um setu á deildarfundum. Þróun þessara mála



hefur orðið sú, að í reyndinni á fulltrúi stúdenta sæti á fundum háskólaráðs í öllum málum, sem þar koma til úrlausnar, og hið sama á við að meginstefnu til um deildarfundi, þegar frá eru skildar tillögur um embættaveitingar og úrlausn um doktorsritgerðir, þ. e. þegar mat krefst sérfræðilegrar þekkingar í ríkum mæli. Þá er þess að geta, að í ýmsum nefndum, sem háskólaráð tilnefnir, er fulltrúi frá stúdentum, og fyrir rösku ári var samþykkt, að Stúdentaráð Háskólans tilnefndi meirihluta stjórnarmanna í þá stofnun, Félagsstofnun stúdenta, sem ætlað er að fjalla um stofnanir í þágu stúdenta félagslegs eðlis. Hluttaka stúdenta í úthlutun lána hefur enn fremur farið vaxandi á síðustu árum. Hið síðasta, sem ástæða er til að benda á í þessu efni, er skipun námsnefnda í hverri deild, sem á var komið fyrir atbeina háskólaráðs. Eru þær nefndir yfirleitt skipaðar tveimur kennurum og tveimur stúdentum, og hafa það hlutverk að fjalla um námsefni og námstilhögun, kennsluhætti og kennslu- og námstækni. Eru slíkar nefndir ágætur vettvangur til umræðna um þessi veigamiklu málefni.

Stúdentaráð Háskólans óskaði þess í tillögum, er bærust háskólaráði hinn 5. des. s. l., að fulltrúatala yrði aukin í háskólaráði og á deildarfundum, og var efnislega um það rætt, að tveir fulltrúar yrðu í háskólaráði og tveir á deildarfundum, en talan átti þó að vera óbundin í lagatextanum. Eru gerðar tillögur um þessa aukningu í 3. og 10. gr. frv. Er fundarseta stúdenta í háskólaráði nú án sérstakra takmarkana, en stúdentar fjalla ekki á deildarfundum um tillögur um embættaveitingar og veitingu doktorsnafnbóta, sbr. 9 og 22. gr. Að öðru leyti er seta þeirra á deildarfundum án takmarkana.

Háskóli Íslands var meðal fyrstu háskóla á Norðurlöndum, þar sem heimiluð var seta fulltrúa stúdenta í háskólaráði og á deildarfundum, og enn er það tiltölulega fáir af hinum norrænu háskólum, sem hafa þá stjórnunartilhögun. Eftir því, sem bezt er vitað, er stúdentum aðeins við tvo norræna háskóla heimiluð þátttaka í kosningu rektors, þ. e. við háskólana í Björgvin og Ósló, en tillögur eru uppi um þetta víða á Norðurlöndum, og er ekki að fullu vitað, hvernig þeim tillögum hefur reitt af. Við báða norsku háskólana er þessi þátttaka þó frekar táknræn en að líklegt sé, að hún skipti miklu máli fyrir úrslit kosninga. Er atkvæðamagn stúdentanna langt innan við 10% á báðum stöðunum.

Reynslan af þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, þ. á m. á fundum háskólaráðs og háskóladeilda, hefur verið mjög góð. Mikilvægt hefur verið að heyra sjónarmið stúdenta, þeir hafa flutt mál sín af fullri ábyrgðarkennd og lagt sig fram um að kynna sér málefni, sem til afgreiðslu hafa komið. Þessi þátttaka hefur vafalaust stuðlað að því að treysta tengslin milli kennara og stúdenta. Það er þessi góða reynsla, sem veldur því, að talið er rétt að verða við tilmælum stúdenta um aukna tölu fulltrúa á háskólaráðsfundum og á deildarfundum, og það er ekki sízt sú reynsla, sem einnig veldur því, að réttmætt þykir, að leggja til, að þeir fái rétt til þátttöku í rektorskjöri.

Stúdentaráð Háskólans óskaði eftir því, að fulltrúar stúdenta við rektorskjör væru tilnefndir af Stúdentaráðinu, en Stúdentafélag Háskólans, að þeir væru tilnefndir af stúdentum almennt við sérstakar kosningar. Háskólaráð telur, að haganlegast sé að fulltrúar stúdenta, sem setu eiga í háskólaráði, eigi einnig atkvæðisrétt um kjör rektors, og svo einn fulltrúi stúdenta á deildarfundum, og enn fremur formaður Stúdentaráðs Háskólans. Þessir stúdentar hafa í störfum sínum öðrum stúdentum fremur kynnt málefnum Háskólans, og verður að telja það veigamikið í þessu efni. Er hér að nokkru leyti stuðzt við reynsluna frá Óslóarháskóla (í Björgvin eiga stúdentar ekki fulltrúa í háskólaráði). Þó svo að formanni Stúdentaráðs Háskólans er hér bætt við. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að fulltrúi frá félagi tannlæknanema eigi einnig atkvæðisrétt við rektorskjör í maí 1969, en samkv. 7. gr. frv. er mælt fyrir um stofnun tannlæknadeildar nú mjög á næstunni. Tannlæknanemar eiga ekki rétt á að tilnefna fulltrúa fyrir læknadeildina

í heild, og er það nokkurt sanngirnismál, að þeir fái sérstakan fulltrúa við rektorskjör.

Samkv. 2. gr. frv. eiga þá atkvæðisrétt við rektorskjör 1) prófessorar, sem nú eru 45, 2) aðrir kennarar, sem fastráðnir eru til kennslustarfa, þ. e. 6 lektorar og 1 dósent (í lyfjafræði lyfsala) og 3) fulltrúar stúdenta, tveir, sem setu eiga í háskólaráði, einn fulltrúi stúdenta á fundum hverrar deildar um sig, alls sex, einn fulltrúi frá félagi tannlæknanema og formaður Stúdentaráðs, eða alls 10 fulltrúar. Ef þessi tillaga nær fram að ganga, verður Háskóli Íslands sá norrænn háskóli, þar sem þátttaka stúdenta í stjórnun er ríkust.

#### Um 3. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um skipun háskólaráðs. Þar eru þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til, að stúdentar eigi tvo fulltrúa í háskólaráði í stað eins eftir gildandi lögum, og er vikið að því atriði í umsögn um 2. gr. Í öðru lagi er sú tillaga gerð, að þeir kennarar og starfsmenn rannsóknar- og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, fái fulltrúa í háskólaráði. Sé hann tilnefndur af Félagi háskólakennara og raunar að því leyti fulltrúi háskólakennara í heild. Stundur stjórn félagsins óskipt að þeirri tillögu. Frekari athugun fer nú fram á aðstöðu þeirra kennara og starfsmanna, sem hér er um að ræða, og að svo vöxnu þykir réttmætt, að þeir fái fulltrúa á þessu stjórnunarstigi. Svo er þessu einnig háttað t. d. við norsku háskólana. Rétt þykir að ákveða í reglugerð um kjörtímabil fulltrúa stúdenta og fulltrúa tilnefnds af Félagi háskólakennara í háskólaráði, svo og að því er varðar fulltrúa stúdenta á deildarfundum sbr. 10. gr. frv. Þá á háskólaritari samkv. ákvæðinu sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögu-rétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt.

#### Um 4. gr.

Hér er nauðsynleg orðalagsbreyting gerð á 5. gr. 2. málsg. háskólalaga.

#### Um 5. og 6. gr.

Hér eru ákvæði um starfslíð á skrifstofu Háskólans, verkaskiptingu meðal starfsmanna og um skipun í störf. Eðlilegt er, að því máli verði til hlitar skipað með stjórnvaldsreglum.

#### Um 7. gr.

Í 1. málsg. er lagt til, að tvær breytingar séu gerðar varðandi háskóladeildir. Í fyrsta lagi er lagt til samkvæmt ósk verkfræðideildar, að heiti hennar sé breytt í verkfræði- og raunvísindadeild. Er það í samræmi við rýmkað starfssvið deildarinnar, því að nú fer fram kennsla í deildinni til B.A.-prófa í raungreinum, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og náttúrfræði. Í öðru lagi er lagt til, að stofnuð sé sérstök tannlæknadeild, þegar þrír prófessorar hafa verið skipaðir í tannlækningum. Þrjú prófessorsembætti eru við deildina, sbr. l. nr. 51/1962, en aðeins hefur verið skipað í eitt þeirra. Er vonandi, að úr því rætist, og eru þá öll rök til þess, að stofna skuli sérstaka tannlæknadeild. Svipuð tilhögun var á höfð, er viðskiptadeild var stofnuð, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1957 um Háskóla Íslands.

Í 2. málsg. eru fyrirmæli um rannsóknarstofnanir. Ýmsar reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur hafa verið settar um rannsóknarstofnanir, sbr. og almenna ákvæðið í 87. gr. háskóla-reglugerðar, en tryggilegra þykir að hafa ákvæði um þetta mikilvæga efni í háskólalögunum. Sá þáttur í starfsemi Háskólans, sem lýtur að rannsóknum, hlýtur að vaxa mjög alveg á næstunni. Æ meir mun sækja í það horf, að saman tengist rannsóknir og kennsla, og að kennsla fari fram í stofnunum, sem fjalla um rannsóknir (institútum). Háskólanum er nauðsyn á því, að rannsóknaraðstaðan sé bætt. Eðlilegt er, að rannsóknarstofnanir heyri að meginstefnu til

undir háskóladeild, en þó getur verið, að í sumum tilvikum sé rétt, að stofnun heyri undir háskólaráð, er þá leitar umsagnar deildar eða deilda, sem í hlut eiga. Eru ákvæði 2. málsg. á þessu reist. Ekki þykir nauðsynlegt, að ráðherra setji sérstaka reglugerð um smærri stofnanir, heldur starfi þær eftir samþykktum, er háskólaráð setur.

#### Um 8. gr.

Hér er fjallað um kennara og aðra starfsmenn Háskólans, er vinna að kennslu og rannsóknnum. Er raunar ástæða til að benda á það hér, að hver kennari er rannsóknarmaður, og hvílir á honum, mikil rannsóknarskylda. Greinir það að háskóla og aðra skóla, og veldur sá munur því, að háskólar eru allt annars konar stofnanir en aðrir skólar.

Lagt er hér til, að þeir starfsmenn Háskólans, sem hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi, greinist í þrjá flokka, prófessora, dósentar og lektora, og verði því dósentar og loktorar, sem eftirleiðis verða skipaðir, þeir einir, sem séu fastráðnir við Háskólann og hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Gert er ráð fyrir, að dósentar verði þeir einir skipaðir, sem hafi leyst af hendi vísindalegt rannsóknarstarf, og fjalli dómnefnd ávallt um hæfni þeirra, sbr. 9. gr. frv. Um kennsluskyldu þeirra fari sem segir í 18. gr. háskólalaga, og er byggt á því, að hún verði að öðru jöfnu mun meiri en prófessora, en þó svo að þeim gefist gott tækifæri til að helga sig rannsóknum. Á síðustu fjórum árum hafa verið skipaðir nokkrir lektorar, sem eru fastráðnir til kennslustarfa með tiltölulega mikilli kennsluskyldu, og taka þeir nú laun samkv. 23. launaflokki. Hefur tilkoma þessara starfsmanna leyst mikinn vanda, og tilhögun þessi gefist mjög vel. Lektorar samkv. þessu ákvæði yrðu menn með svipaða kennsluskyldu og lektorar hafa haft að undanfögnu og með eigi lakari launakjörum en þeir njóta nú. Til þeirra yrðu ekki gerðar jafnmiklar hæfniskröfur sem dósentar, enda er gert ráð fyrir, að dósentar nytu hærri launa en lektorar. Háskólaráð telur, að stefna beri að því, að sem flestir kennarar verði fastráðnir til rannsókna og kennslu. Allt að einu verða allmargir kennarar stundakennarar á næstu árum. Heppilegt er að hafa sérstakt starfsheiti fyrir suma þeirra, sem t. d. kenna veigamikla grein og prófa í henni. Þessir kennarar hafa að undanfögnu verið nefndir lektorar eða dósentar, og hafa hinir fyrrnefndu 4 kennlustunda skyldu, en hinir síðarnefndu 6 stunda. Samkv. framansögðu er gert ráð fyrir, að dósentar og lektorar séu fastráðnir menn í fullu kennarastarfi við Háskólann og þeir einir, og sú er einnig tilhögun við norræna háskóla. Í ákvæðinu er sú tillaga gerð, að nýtt starfsheiti sé tekið upp um þá kennara, sem ráðnir verða til tveggja ára hið skemmsta, og séu þeir nefndir aðjúnktar. Það heiti á háskólakennurum er t. d. tíðkað í Danmörku.

Ekki er gert ráð fyrir, að breyting verði á starfi dósentar í lyfjafræði lyfsala.

Í 4. málsg. er vikið að starfsheitum fastráðinna sérfræðinga á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum. Hefur það mál verið rætt nokkuð að undanfögnu og þykir nauðsynlegt að fá heimild til að skipa því máli í reglugerð.

Í 5. málsg. er lagt til, að núverandi dósentar og lektorar haldi starfsheitum sínum. Sérstaklega skal tekið fram, að ákvæðið raskar ekki starfssviði og stöðu dósentar í lyfjafræði lyfsala.

#### Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skipun eða ráðningu í einstök embætti og störf, þ. á m. eru ákvæði um dómnefndir. Svo sem fyrr var greint, er lagt til, að dómnefndir fjalli nú ávallt um umsóknir um embætti dósentar auk embætta prófessora, en samkv. 5. málsg. er heimilt að kveða svo á í reglugerð, að ákvæði um dómnefnd eigi einnig við um lektora og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir og aðrar háskólastofnanir.

Lagt er til, að dómnefnd sé heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni. Ákvæðin eru á því byggð, að ýmist geti dómnefnd í heild sinni látið uppi álit eða einstakir dómnefndarmenn.

#### Um 10. gr.

Hér er svo kveðið á, að fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. málsg. gr., eigi rétt á setu á deildarfundum og hafi þar atkvæðisrétt, en háskóladeild geti veitt ýmsum öðrum kennurum rétt til setu á fundum og eftir atvikum atkvæðisrétt þar. Þá eru fulltrúar stúdenta tveir samkv. ákvæðinu. Um kjörtímabil þeirra, sjá aths. við 3. gr.

Nýmæli er, að heimilt sé að skipta deild í skorir um hinar ýmsu kennslugreinar, sem við er fengizt í deild, svo og að unnt sé að setja deild stjórnarnefnd (deildarráð). Þessum málum verður að skipa með reglugerðarákvæðum.

#### Um 11. gr.

Hér er gerð sú breyting, að ályktunarfæri deildarfunda er við það miðað, að eigi færri en helmingur atkvæðisbærra fundarmanna sæki fund (nú miðað við prófessora eina).

#### Um 12. gr.

Kennsluárið er samkv. 17. gr. frá 15. sept. til 15. júní. Nauðsynlegt er að fá heimild til þess að halda próf utan þessara tímamarka, t. d. þannig að haustpróf, sem nú eru tekin að tíðkast, geti hafizt 1. september. Við doktorspróf getur það einnig komið sér vel að hafa þau utan marka kennsluársins.

#### Um 13. gr.

Hér er lagt til, að heimilt sé að leysa rektor undan allri kennsluskyldu, en ekki aðeins helmingi hennar, svo sem nú er samkv. 18. gr. 2. málsg. gr. Er nauðsynlegt að fá þessa heimild lögfesta.

#### Um 14. gr.

Nokkur óvissa er um það, þegar t. d. prófessor er í orlofi, hvor sækja skuli fundi, hann eða staðgengill hans. Hér er lagt til, að sá háttur verði lögmaeltur, að staðgengill taki sæti þess kennara, sem á setu og atkvæðisrétt á deildarfundum, ef staðgengill er settur til að gegna embættinu, en að öðrum kosti ekki.

#### Um 15. gr.

Allmargar umsóknir berast um námsvist frá erlendum stúdentum. Samkv. 21. gr. 2. málsg. háskólalaga er það háskólaráð, sem metur, hvort umsækjandi fullnægi undirbúningskröfum til skrásetningar við Háskólann. Er hér lagt til, að rektor sé falið að meta það mál. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að samningar, er íslenska ríkið kann að bindast, geta maelt fyrir um það, að stúdentspróf eða annað svipað próf frá tilteknum löndum sé jafngilt íslensku stúdentsprófi.

#### Um 16. gr.

Að ósk Félagsstofnunar stúdenta var komið á árlegri skrásetningu stúdenta s. l. haust. Eru raunar miklar skólafarslegar nauðsynjar á slíkri tilhögun, því að Háskólanum er brýn þörf á að geta sagt með vissu, hverjir séu við nám hvert ár. Rétt þykir, að ákvæði um slíka skrásetningu sé beinlínis í háskólalögum og þá einnig ákvæði um viðurlög, ef skrásetningu er ekki sinnt. Ákvæði um þann þátt máls er í 17. gr. frv.

#### Um 17. gr.

Hér eru tvenn nýmæli. Annars vegar er kveðið á um framhaldandi námsvist stúdents, er lýkur t. d. B.A.-prófi, en heldur síðan óslitið áfram námi til annarra prófstiga, og hins vegar eru ákvæði um það, að stúdent falli af skrá, ef hann sinnir ekki boði um árlega skráningu, sbr. athugasemd við 16. gr.

#### Um 18. gr.

Í háskólaeglugerð eru víða ákvæði um hámarkstímalengd í námi eða einstökum námshlutum, og í 61. gr. reglugerðar eru ákvæði sama efnis og í 2. og 3. málsg. gr.

þessarar greinar. Ákvæði 27. gr. háskólalaga eru stuttorð um þessi efni, og þykir tryggilegra að um þau séu bein ákvæði í háskólalögum.

Um 19. gr.

Heimild er nú til þess, að meistaraþróf séu tekin upp í öðrum greinum en íslenskum fræðum, og er því lagt til, að ákvæðið sé rýmkað frá því, sem er í 29. gr. 1. málsg., en þar er það einskorðað við meistaraþróf í íslenskum fræðum.

Um 20. gr.

Í 29. gr. 3. málsg. er kveðið svo á, að við próf þau, sem ekki teljist til fullnaðarþrófs, skuli aðeins vera innanskóla prófdómandi eftir kvaðningu deildarforseta. Vinnan við þessi próf er orðin geysimikil í hinum stærri deildum, og þykir því eðlilegt, að við próf þessi sé prófdómandi utan skóla, en þetta er þó lagt á vald deildar eftir orðun ákvæðisins, er ekki skýtur loku fyrir, að einn prófdómandi sé utan Háskólans og annar innan hans, þegar svona stendur á. Um próf í forspjallsvísindum þykir rétt að kveða svo á, að við þau sé ávallt einn prófdómandi utan Háskólans.

Um 21. gr.

Óþarfa vafstur er að skjóta máli því, sem hér greinir, til úrskurðar háskólaráðs, og er lagt til, að deildarforseti skeri úr máli, að höfðu samráði við kennara í hlutaðeigandi grein.

Um 22. gr.

Um þetta atriði var rætt í umsögn um 9. gr. frv.

Um 23. gr.

Um 1. málsg. er þess að geta, að hér eru talin upp þau prófessorsembætti ein, sem nú hafa verið lögfest, þ. á m. nokkur embætti, sem frestað hefur verið lögum samkvæmt að veita. Bent skal á að samkvæmt 1. gr. laga nr. 27/1967 skal ekki veita 6. embættið í lagadeild fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sá fyrirvari enn við, en ekki þykir ástæða til að greina hann í lagatextanum.

Háskólaráði virðist, að ekki sé þörf á að setja lög um hvert einstakt prófessorsembætti, sem stofna á, og sé eðlilegra, að það velti á mati menntamálaráðherra og fjárveitingarvaldsins, hvort slík embætti verði stofnuð, og verði það a. m. k. höfuðreglan. Bent skal á í því sambandi, að embætti yfirlækna við ríkisspítala þarf ekki að stofna með lögum, og taka þeir þó laun samkv. 26. launaflokki.

Um 24. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og sett ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði þessi hafa verið rædd sérstaklega við formann Stúdentaráðs Háskólans, að því er tekur til stúdenta.

### Fylgiskjal.

#### **Greinargerð frá stjórn stúdentaráðs um afgreiðslu háskólaráðs á tillögum stúdentaráðs um aukna þátttöku stúdenta í stjórn háskólans.**

1. Stúdentaráð gerði að tillögu sinni, að stúdentar fengju 2 fulltrúa með fullum réttindum á deildarfundum og 2 fulltrúa með fullum réttindum í háskólaráði. Háskólaráð hefur fallið á hvort tveggja, og vill stjórn stúdentaráðs lýsa ánægju sinni með þá niðurstöðu.

2. Stúdentaráð gerði að tillögu sinni, að stúdentar fengju að ráða 25% atkvæða við rektorskjör. Háskólaráð hefur fallið á, að 10 kjörmenn stúdenta skuli

taka þátt í rektorskjöri. Með þeim hætti fá stúdentar nokkur áhrif á kjör rektors, en þó munu þeir ráða nokkru minni hluta atkvæðamagns en gert var ráð fyrir í upphaflegum tillögum stúdentaráðs.

Í upphaflegum tillögum stúdentaráðs var ekki sett fram ákveðin stefna í því, á hvern hátt skyldi velja kjörmenn stúdenta. Á stúdentaráðsfundi 20. febrúar sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga: „Stúdentaráð ályktar, að kjörmenn stúdenta við rektorskjör verði valdir af stúdentaráði, hver svo sem fjöldi þeirra verður. Gætt verði þess, að allar deildir fái kjörmenn“. — Sú hugmynd lá að baki þessarar ályktunar, að eðlilegt væri, að stúdentaráð annaðist um val kjörmanna, þar sem það væri fulltrúi stúdentaheildarinnar. Háskólaráð taldi sig ekki geta gengið að þessu, en lýsti vilja sínum til þess, að kjörmenn stúdenta yrðu sem hér segir: 2 fulltrúar stúdenta, sem sæti eiga í háskólaráði, formaður stúdentaráðs og 1 fulltrúi úr hverri deild háskólans, og skyldi sá vera annar af tveimur fulltrúum viðkomandi deildarfélags á deildarfundum. Stjórn stúdentaráðs fól formanni ráðsins að gera þær athugasemdir við þessar tillögur, að eðlilegt hlyti að teljast, að tannlæknarnemar hefðu sérstakan fulltrúa í kjörmannaráði, þótt tannlæknadeild sé ekki sérstök deild að lögum enn sem komið er. Auk þess væri nauðsynlegt, að kjörmenn deildanna væru valdir sérstaklega til þess starfa, en fulltrúi viðkomandi deildarfélags á deildarfundum væri ekki sjálfkrafa kjörmaður stúdenta sinnar deildar við rektorskjör. Formaður stúdentaráðs gerði háskólarektor grein fyrir þessum sjónarmiðum, og féllst hann á að bera þau fram á háskólaráðsfundi.

Stúdentaráðsfundur 7. marz 1969 fjallaði enn nokkuð um þetta mál. Þar lýstu stúdentaráðsliðar þeirri skoðun sinni, að féllist háskólaráð ekki á, að stúdentaráð veldi kjörmenn einstakra deilda, væri eðlilegra að þeir væru kosnir til þess starfs sérstaklega á fundum í einstökum deildum en fulltrúi deildarfélags á deildarfundum væri sjálfkrafa kjörmaður.

Háskólaráð hefur nú afgreitt þetta mál fyrir sitt leyti og fallið á, að tannlæknarnemar fái sérstakan kjörmann með sérákvæðum, unz sérstök tannlæknadeild verður stofnuð. Hins vegar féllst háskólaráð ekki á, að stúdentaráð veldi kjörmenn stúdenta úr einstökum deildum, né heldur að þeir yrðu kosnir til þessa starfs sérstaklega á deildarfélagfundum. Hélt háskólaráð fast við það, að kjörmaður frá stúdentum í hverri deild skyldi vera annar af tveimur fulltrúum deildarfélagsins á deildarfundum.

Stjórn stúdentaráðs lýsir yfir miklum vonbrigðum með það, að háskólaráð skuli ekki hafa treyst sér til að ganga lengra til móts við óskir stúdenta um þetta atriði. Vill stjórnin taka það skýrt fram, að þær tillögur, sem háskólaráð sendir frá sér um þetta eru alls ekki sameiginlegar tillögur háskólaráðs og stúdentaráðs. Hins vegar fer stjórnin ekki fram á, að ráðherra eða Alþingi breyti tillögum háskólaráðs um þetta deiluatríði, enda hefur hún ekki umboð stúdentaráðs til þess. Til grundvallar þeirri afstöðu liggur sú skoðun stúdentaráðsmanna, að háskólinn eigi að vera sem sjálfstæðastur, og því beri ríkisvaldinu og Alþingi jafnan að skipa málum háskólans á þann hátt, sem stjórnendur hans telja réttast á hverjum tíma. Stjórn stúdentaráðs telur því ekki ábyrgja stefnu að reyna að hafa áhrif á málefni háskólans með því að beita fyrir sig valdboði að ofan, heldur vill hún stuðla að því, að stúdentar hafi góð áhrif á stefnu og starf háskólans með því að taka ábyrgan þátt í stjórn hans innan frá. Markmið tillagna stúdentaráðs um aukna þátttöku stúdenta í stjórn háskólans var **samvinna** en ekki **sundrun**.

Í stjórn stúdentaráðs 14. marz 1969,

Höskuldur Þráinsson, stud. phil., formaður.

Guðjón Magnússon, stud. med., varaformaður.

Páll Jensson, stud. polyt.

Helgi Bjarnason, stud. polyt.

Björgvin B. Schram, stud. oecon.